

**Nd.**

**92. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 128 31. desember 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til rikissjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Á eftir orðunum „1. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935“ í 1. málsgr. 2. gr. laga nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til rikissjóðs, komi: Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

**2. gr.**

Á undan næstsiðustu málsgr. 2. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi: Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. og skattgjald erlendra félaga.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.